

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 — 1984

14. febrúar 1984

61

Nr. 46

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um eftirlit með innflutningi plantna o. fl.
nr. 103 19. ágúst 1948.

1. gr.

g-liður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Að vörtupest (*Synchytrium endobioticum*) og kartöfluhnúðormur (*Globodera rostochiensis* og *G. pallida*) séu ekki á ræktunarstaðnum og hafi aldrei fundist þar.

Að kartöflubjallan (*Leptinotarsa decemlineata*) sé ekki á ræktunarstaðnum og að ræktunarstaðurinn sé staðsettur á svæði, þar sem bjallan finnst ekki.

Að hringrot (*Corynebacterium sepe-donicum*) hafi ekki fundist á ræktunarstaðnum undanfarin 2 ár.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 57 29. maí 1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðrráðuneytið, 14. febrúar 1984.

Jón Helgason.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

2. febrúar 1984

Nr. 47

AUGLÝSING

um tryggingarfé ferðaskrifstofa.

Með heimild í 18. gr. laga nr. 60 31. maí 1976, um skipulag ferðamála, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 266 24. júlí 1978, um almennar ferðaskrifstofur, hefur ráðuneytið ákveðið að trygging sú, sem setja verður vegna reksturs ferðaskrifstofu skuli eigi vera lægri en 1,7 millj. kr. frá birtingu þessarar auglýsingar að telja.

Handhöfum gildandi ferðaskrifstofuleyfa er þó veittur frestur til 30. apríl 1984 til að auka tryggingarfé sitt.

Samgönguráðuneytið, 2. febrúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

B 9